

Mál nr. 90/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um hvort líkamstjón megi rekja til notkunar bifreiðar.****Gögn.**

Málskot, dags. 7.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 20. desember 2017 var M að störfum á nánar tilgreindu bifreiðaverkstæði. Bifreiðin A var þá færð úr málningarklefa niður ramp og niður á verkstæðisgólfið og var A hvorki í gir né í handbremsu. M stóð fyrir neðan rampinn. Vildi þá svo til að A rann niður rampinn og lenti á M með þeim afleiðingum að hann klemmdist á milli A og annarrar bifreiðar.

M varð fyrir meiðslum við atvikið og hefur krafist bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A á grundvelli 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Hin stranga ábyrgðarregla sem felst í ákvæði þessu er einkum sett til að tryggja bótavernd þeirra sem verða fyrir tjóni, þ. á m. líkamstjóni, sem rekja má til hættueiginleika skráningarskyldra vélknúinna ökutækja. Sú hætta sem helst er horft til í þessu sambandi er hraði, vélarafli og þyngd. Ef tjón hlýst af völdum einhverra þessara hættueiginleika er að jafnaði litið svo á að slíkt tjón falli undir ábyrgðarregluna.

Þótt aflvél A hafi ekki verið í gangi og virðist sömuleiðis hafa verið mannlús þegar slysið varð, verður ekki fram hjá því horft að A rann fyrir eigin þunga niður rampinn og þegar M klemmdist á milli ökutækjanna var það fyrst og fremst hraði og þyngd A sem olli því að M varð fyrir meiðslum. Við þessar aðstæður verður að líta svo á að slysið hafi hlotist af völdum A sem ökutækis í notkun í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaganna. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að M hafi verið meðvaldur að því að hann varð fyrir slysinu. Hann á því óskoraðan rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 16. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.